

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll ósamsettum reiðhjólahlutum.


137
16. des.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið að framvegis, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli ósamsett stálrör og stálrörhlutar til reiðhjólagerðar tolluð eftir nr. 16 í 63. kafla tollskrárinnar, ef rörin eða rörhlutarnir hafa aðeins verið beygð eða flatpressuð, en hafa ekki verið frekar unnin eftir að þau voru steypt. Aðrir hlutar í reiðhjól komi hins vegar eftirleiðis eins og hingað til undir nr. 14 í 75. kafla tollskrárinnar.

Auglýsing frá ríkisstjórninni í 71. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, um bann gegn því að varpa akkerum eða stunda fiskveiðar á vissum stöðum vegna hernaðaraðgerða Breta.

138
23. des.

Til viðbótar við áður auglýstar tálmanir á siglingaleiðum hér við land, vegna hernaðaraðgerða brezka setuliðsins, hefir herstjórnin tilkynnt, að bannað sé að varpa akkerum eða stunda hvers konar fiskveiðar á eftirtöldum stöðum:



138
23. des.

a) Í Hvalfirði á belti yfir fjörðinn, sem takmarkast af eftirfarandi stöðum:

64° 21' 40" n.br.	21° 45' 24" v.lgd.
64° 20' 40" n.br.	21° 41' 18" v.lgd.
64° 23' 02" n.br.	21° 42' 20" v.lgd.
64° 21' 36" n.br.	21° 39' 10" v.lgd.

b) Í Seyðisfirði á belti, sem takmarkast af línu, sem hugsast dregin þvert yfir fjörðinn í 144° stefnu frá stað, sem liggur 0,2 sjómíliur í 258° stefnu frá flaggstönginni á verzlunarhúsunum á Vestdalseyri, og annari línu, sem hugsast dregin þvert yfir fjörðinn í 134° stefnu frá stað, sem liggur 0,2 sjómíliur í 043° stefnu frá áðurnefndri flaggstöng.

c) Í Eyjafirði á belti þvert yfir fjörðinn, sem að norðan takmarkast af línu, sem hugsast dregin milli Arnarnesnafa og Laufáskirkju, og að sunnan af línu, sem hugsast dregin milli Hjalteyrarvita og bryggju framundan bænum Nollu.

d) Í Hrutafirði á belti þvert yfir fjörðinn, sem takmarkast að norðan af línu, sem hugsast dregin í rétt austur og vestur frá norðurenda Hruteyjar, og að sunnan af línu, sem hugsast dregin í rétt austur frá Kjørseyrartanga.

Enn fremur tilkynnir herstjórnin, að hindrun hafi verið lögð þvert yfir Hvalfjörð, hér um bil í 317° stefnu frá suðurenda Hvaleyrar í Hvalfirði. Hindrunin er merkt með duflum, og er hættuleg skipum.

Sem stendur má þó sigla yfir hindrunina milli dufla, en skip, sem sigla yfir línuna, ættu að gera það á stefnunum ANA—VSV, eftir seguláttum.

Skip verða að hlýða sérhverri bendingu, sem þau kunna að fá frá nálægum gæzluskipum.

139
21. maí

REGLUR

um raffangaprófun.

Rafmagnseftirlit ríkisins tilkynnir hér með, að það hefir samkvæmt heimild í 148. gr. reglugerðar nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki, til nánari skilgreiningar á ákvæðum 132. og 133. greina reglugerðarinnar, sbr. einnig reglugerð um breytingar á þeirri reglugerð, dags. 4. apríl 1940, sett eftirfarandi

REGLUR

um raffangaprófun rafmagnseftirlits ríkisins.

1. gr.

Rafmagnseftirlitið ákveður á hverjum tíma hvaða tegundir raffanga, þar með taldar rafvélar og raftæki, er skylt að senda því til prófunar og viðurkenningar, og auglýsir það í Lögbirtingablaðinu, og má ekki flytja þau rafföng til landsins eða gera innanlands, selja þau eða afhenda til notkunar, fyrr en viðurkenning rafmagnseftirlitsins er fengin, nema sérstakt leyfi þess komi til í hvert sinn.

Um viðurkenninguna gilda eftirfarandi reglur.

2. gr.

Rafmagnseftirlitinu skulu jafnan send eigi færri en tvö sýnishorn hverrar gerðar, en fleiri, ef þörf er vegna rannsóknarinnar. Auk þess teikningar, lýsingar og tengimyndir, ef þess er óskað. Hverju sýnishorni skal fylgja og vera fastur við það merkiseðill, þar sem fram er tekið verksmiðjuheiti, nafn viðurkenningarbeiðanda, verðlistanúmer hlutarins, gerð hans, málraun og málsþenna. Skrifleg viðurkenningarbeiðni skal og fylgja.